

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 987

Dagsetning: 13. júní 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Ingunn Sigurgeirsdóttir (sat fundinn undir liðum 1-7 og 11), Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elís Reynarsson, sérfræðingur á sviði fjármála og rekstrar, sat fundinn undir liðum 2-12.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

II. Efni til umræðu

2. Upplýsingamiðstöð HH

Farið yfir stöðuna á gervigreindarverkefni hjá Upplýsingamiðstöð HH og undirbúning fyrir samning um framhald verkefnisins. Rætt um útfærslu á mönnun lækna við Upplýsingamiðstöð HH. Elís Reynarsson, sérfræðingur á sviði fjármála og rekstrar, kom á fundinn til að fjalla um kostnaðaráætlun miðstöðvarinnar.

3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt um umsókn svæðisstjóra um námsleyfi. Elís Reynarsson, sérfræðingur á sviði fjármála og rekstrar, fór yfir málið.

4. Fjármögnun miðlægrar þjónustu

Rætt um umfang og kostnað miðlægrar þjónustu hjá HH og möguleika á að byggja upp sérstaka upplýsingatæknideild.

5. Heilbrigðisskoðun innflytjenda

Farið yfir tölur frá Heilbrigðisskoðun innflytjenda, fjölda einstaklinga sem hafa fengið þjónustu, fjölda samskipta og fleira.

6. Heimahjúkrun

Rætt um samskipti við stjórnendur bæjarfélaganna í Garðabæ og Mosfellsbæ varðandi þjónustu Heimahjúkrunar HH.

7. Heilsubrú

Rætt um að kortleggja fjármögnun og klára stefnu og stjórnskipulag fyrir Heilsubrú HH.

8. Húsnæðismál

Rætt um ýmis húsnæðismál, til að mynda flutning geðheilsuteyma í húsnæði við Vegmúla.

III. Efni til afgreiðslu

9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. júní 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

10. Starfsnám til sérfræðiréttinda í hjúkrun

Fimm hjúkrunarfræðingar sóttu um starfsnám til séréttinda í hjúkrun hjá HH.

Niðurstaða: Ákveðið að samþykkja allar umsóknir.

11. Fjölskyldudagur

Mikill fjöldi starfsmanna hefur skráð sig á fjölskyldudaginn. Rætt um að færa á annan stað þannig að hægt sé að bjóða fleira starfsfólki.

Niðurstaða: Mannauðssviði falið að útfæra daginn þannig að fleira starfsfólk komist.

Önnur mál

12. Greiðslur fyrir túlkapjónustu

Rætt um fyrirkomulag á greiðslum fyrir túlkapjónustu samkvæmt fjármögnunarlíkaninu.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:40.